


ALPÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

GRENSÁSVEGUR 16A — 108 REYKJAVÍK — ÍSLAND — FAX 680093 — SÍMI 813044
PÓSTHÓLF 8720 — 128 REYKJAVÍK — KENNITALA 420169-6209



Menntamálaráðherra
Ólafur G. Einarsson
Sölvhólgötu 4
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. september 1994

Hjálagt fylgir umsögn Alþýðusambands Íslands um skýrslu nefndar um mótun menntastefnu og drög að frumvarpi til laga um grunnskóla sem lögð var fyrir miðstjórn sambandsins í dag 28. september og samþykkt þar.

Umsögnin er unnin af menntanefnd ASÍ sem skipuð er fulltrúum allra landssambanda innan Alþýðusambandsins og Menningar- og fræðslusambandi alþýðu, auk starfsmanna ASÍ.

Þá sendum við jafnframt afrit af fyrri umsögnum Alþýðusambandsins um áfangaskýrslu nefndar um mótun menntastefnu og umsögn sambandsins um drög að frumvarpi til laga um framhaldsskóla, þar sem vísað er í bæði þessi gögn í umsögninni nú.

Virðingarfyllst,
F.h. miðstjórnar ASÍ


Halldór Grönvold, skrifstofustjóri.

Umsögn um skýrslu nefndar um mótun menntastefnu og frumvarp til laga um grunnskóla.

Alþýðusamband Íslands, september 1994.

Inngangur

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar skýrsla nefndar um mótun menntastefnu dags. í júní 1994 og einnig drög að frumvarpi til laga um grunnskóla.

Áður hafði ASÍ borist drög að frumvarpi til laga um framhaldsskóla, sem sambandið veitti all ítarlega umsögn um í apríl sl. Hvað varðar framhaldsskólafrumvarpið sérstaklega og einstakra greina þess vísast til þeirrar umsagnar. Þá gaf Alþýðusambandið einnig á sinum tíma ítarlega umsögn um áfangaskýrslu umræddrar nefndar um mótun menntastefnu.

Hér á eftir verður fjallað almennt um drög að frumvarpi til laga um grunnskóla auk þess sem vikið er að meginefni skýrslu nefndar um mótun menntastefnu eins og það snýr að því skólastigi. Ekki er farið ítarlega í einstaka greinar frumvarpsins, heldur látið nægja að fjalla um nokkra mikilvæga efnisþætti. Alþýðusambandið áskilur sér jafnframt rétt til að gefa ítarlegri umsögn um frumvarpið síðar eftir því sem ástæður kunna að gefa tilefni til. Í lokin verður síðan vikið stuttlega að málefnum framhaldsskólans.

Meginatriði.

Alþýðusamband Íslands telur að í flestum veigamestu atriðum falli þær áherslur sem fram koma í skýrslu nefndar um mótun menntastefnu, og þeim lagafrumvörpum sem nefndin hefur skilað af sér, að stefnu Alþýðusambandsins. Þetta á við um stefnu ASÍ í málefnum grunn- og framhaldsskólans, eins og hún hefur verið sett fram m.a. í ályktun frá síðasta þingi sambandsins og í umsögn um áfangaskýrslu nefndarinnar á síðasta ári. Það er því ljóst að nefndin hefur í starfi sínu tekið verulegt tillit til athugasemda og gagnrýni Alþýðusambandsins á ýmislegt af því sem fram kom í áfangaskýrslu nefndarinnar, einkum hvað varðaði framhaldsskólann.

Alþýðusambandið telur brýnt að skýrslan ásamt lagafrumvörpunum tveim verði sem fyrst tekin til almennrar og jákvæðrar umfjöllunar á Alþingi og úti í samfélaginu með það að markmiði að ný lög um grunn- og framhaldsskóla verði afgreidd á yfirstandandi þingi og komist að fullu til framkvæmda hið allra fyrsta.

Sú staðreynd að hópur ungmenna flosnar upp án þess að standast grunnskólapróf og fjöldi þeirra nemenda sem innritast í framhaldsskóla ljúka mjög seint eða aldrei neinu viðurkenndu námi á því skólastigi er með öllu óásættanleg. Slíkt er bæði dýrt og óhagkvæmt og fyrir samfélagið, sem í stöðugt vaxandi mæli verður að grundvalla hagsæld sína á að allir sem það byggja búi yfir góðri almennri þekkingu og traustu verk- og tæknistigi. Þetta ástand er ekki síður óásættanlegt út frá stöðu einstaklinganna

sem í því lenda. Verði ekki brugðist við af afli er í reynd verið að undirbúa jarðveg fyrir viðvarandi atvinnuleysi stórs hóps ungmenna sem vegna skorts á þekkingu og hæfni nær ekki að treysta stöðu sína á vinnumarkaðinum. Skólinn og menntakerfið verða að þróast með þeim hætti að allir finni þar verkefni miðað við áhuga og hæfni og fái nauðsynlega aðstoð til að leysa þau af hendi. Það á að vera markmiðið með starfinu í grunn- og framhaldsskólum að búa einstaklingana undir líf og starf í flóknu nútímasamfélagi. Slikt felur í sér að þeir verða að vera búnir undir þátttöku í félagsstarfi og að taka þátt í samfélagslegum ákvörðunum. Það felur einnig í sér að viðkomandi þarf að vera búinn undir að taka upp hagnýt störf í samfélaginu. Síðast en ekki síst þarf að búa einstaklingana undir að halda áfram að bæta og auka þekkingu sína alla starfsævina.

Þrátt fyrir gagnrýni á örfá efnisatriði og ábendingar sem vikið er að hér á eftir verður að telja vinnu nefndar um mótun menntastefnu og þau frumvörp sem fyrir liggja góðan grunn undir þær úrbætur sem nauðsynlegar eru á íslensku menntakerfi á þeim skólastigum sem hér eru til umræðu.

Grunnskólinn

Hér á eftir verður fjallað um drög að frumvarpi til laga um grunnskóla. Einnig verður fjallað um þá hluta skýrslunnar sem snerta grunnskólann með einum eða öðrum hætti. Enda verður að skoða efni skýrslunnar sem greinargerð og rökstuðning fyrir frumvarpinu.

Í upphafskafila skýrslunnar er vikið að því að auka eigi valddreifingu í skólakerfinu og færa ákvarðanatöku nær vettvangi. Samtímis er lögð áhersla á miðstýrða markmiðssetningu og samræmt mat á námsárangri nemenda svo hægt sé að fylgjast með því hvort framkvæmdin sé í samræmi við gildandi skólastefnu. Þá er lögð áhersla á reglubundið mat á skólastarfi, einkum sjálfsmat stofnana og gæðastjórnun. Alþýðusambandið getur tekið undir allar þessar markmiðssetningar. Hins vegar er ljóst að frekari útfærsla og framkvæmd skiptir þar miklu.

Rekstur grunnskóla.

Ein af róttækustu breytingunum sem gert er ráð fyrir að verði með gildistöku frumvarpsins er að rekstur grunnskólans flytjist alfarið til sveitarfélaganna. Alþýðusambandið getur tekið undir þetta markmið að ákv. skilyrðum uppfylltum. Í þessu sambandi skal minnt á fyrri umsögn Alþýðusambandsins um áfangaskýrslu nefndarinnar. Þar kom m.a. fram að áður en endanlega verður gengið frá tilflutningi grunnskólans til sveitarfélaganna verður málið að liggja fyrir í heild. Það væri fyllsta ábyrgðarleysi að taka ákvörðun um tilflutninginn fyrr en allir þættir er varða fjármál og starfsemina að öðru leyti liggja fyrir.

Gera verður kröfur til þess að sveitarfélögunum verði búnar aðstæður til að standa myndarlega að öllu skólastarfi á grunnskólastigi. Jafnframt verður að tryggja að sveitarfélögin uppfylli þær skyldur sem eðlilegt er að setja slíku starfi. Þá þurfa að vera til staðar úrræði til að bregðast við ef útaf bregður. Slikt ætti að vera ótvíræður réttur neytenda þessarar þjónustu.

Bent hefur verið á að í frumvarpsdrögum (36. gr.) er ekki að finna jafn afdráttarlaus ákvæði um rétt nemenda til sérkennsluúrræða og er í gildandi lögum. Hér er um atriði að ræða sem er svo mikilvægt að ekki má orka tvímælis um réttarstöðu einstaklinganna. Krafan um afdráttarlausan rétt til sérkennsluúrræða gildir um börn sem fædd eru hér á landi og eiga við námsörðugleika að stríða af einhverjum ástæðum. Þar til viðbótar má benda á siðferðilega og lagalega skyldu sem íslenska skólakerfið hefur gagnvart nýbúabörnum. Varðandi sérkennsluúrræði og námsaðstoð almennt ber að hafa í huga að hún sé svo sem kostur er veitt þannig að þeir sem aðstoðarinnar njóta einangrist ekki frá öðrum nemendum eða verði viðskila við hópinn. Alþýðusambandið skorar á menntamálaráðherra að láta nú þegar taka af öll tvímæli varðandi sérkennsluúrræði og sérstaka námsaðstoð.

Starfstími, einsetinn skóli og samfelldur skóladagur.

Alþýðusamband Íslands fagnar því að tekin eru af öll tvímæli um það í frumvarpinu (3. gr.) að grunnskólinn skuli vera einsetinn. Og einnig að nemendur skuli eiga kost á málsverði á skólatíma (4. gr.). Hvorutveggja eru atriði sem ASÍ hefur sett á oddinn varðandi starf grunnskólans.

Þá er kveðið á um að starfstími grunnskólans (26. gr.) skuli hefjast 15. ágúst en ljúka 15. júní. Þá skuli kennsludagar á þessu tímabili eigi vera færri en 180. Þetta fyrirkomulag er síðan nánar útfært, auk þess sem fjallað er um rétt til tímabundinna undanþága.

Ljóst er að ákvæðið um lengingu skólaársins mælist misjafnlega fyrir. Það er þó mat Alþýðusambandsins að fleiri og veigameiri rök mæli með lengingunni en á móti. Hvorutveggja er að hún gefur möguleika á aukinni kennslu og þar með ákveðnum verkefnaflutningi frá framhaldsskólanum til grunnskólans. Þá er ljóst að stöðugt stærri hóp ungmenna fær ekki atvinnu að sumarlagi eða stendur yfirleitt til boða uppbyggilegt og fræðandi tólmundastarf á þeim tíma. Lenging skólaársins á að koma til móts við þessi ungmenni og gefa þeim færi á verkefnum við hæfi. Þá er vert að benda á að skólastarf fram í júní og frá miðjum ágúst, þ.e. að sumarlagi, gefur möguleika á að nálgast viðfangsefni með öðrum og fjölbreyttari hætti en ella. Þetta gildir jafnt hvort sem um er að ræða samfélagsfræðslu eða greinar eins og náttúrufræði. Þá er vert að benda á að í frumvarpinu er gert ráð fyrir undanþágum frá þessu ákvæði ef sérstök rök hníga að slíku.

Í ályktun um menntamál frá síðasta þingi ASÍ segir m.a.:

“Grunnskólinn starfar oft á tíðum án tillits til heimilanna. Það er eðlileg krafa foreldra og nemenda að skóladagur sé samfelldur. Heimilin verða að geta treyst því að kennt sé samkvæmt stundarskrá alla virka daga skólaársins. Það er fullkomið tillitsleysi við heimilin að börnin séu send heim úr skóla vegna starfsdaga kennara eða af öðrum ástæðum. Gera verður þær kröfur að skólinn sé undir það búinn að geta gert ráðstafanir ef eitthvað raskar skólastarfi. Skólinn verður að laga sig að þeim þjóðfélagsháttum sem ríkja hverju sinni.

Dagleg viðvera barna í grunnskólum þarf að lengjast. Lengd skólaársins ber að skoða og jafnframt hvort grunnskólagöngu eigi að ljúka ári fyrir.

Nám er vinna sem krefst skipulags og góðrar stjórnunar. Brynt er að börnin læri að nýta tímann vel og vinna skipulega og það sé fyrir þeim haft í skólastarfi. Nauðsynlegt

Á þessum tveimur síðustu myndum kemur fram að stéttarstaða foreldra ræður miklu um velgengni barna í grunnskólum. Fólk raðast að miklu leyti í starfsstéttir í samræmi við menntun sína. Tvímælalaust hafa langskólagengnir foreldrar betri forsendur til aðstoða börn sín við heimanám en þeir foreldrar sem einungis hafa grunnskólanám eða varla það að baki. Þar að auki er umhverfi barna sem eiga langskólagengna foreldra meira hvetjandi en við aðstæður þar sem gagnsemi af námi er sjaldan rætt eða liggur ekki í augum uppi.

Vandinn heldur áfram í grunnskólanum

Grunnskólinn hefur ekki brugðist við vanda barna sem koma frá heimilum þar sem menntun er litil fyrir. Þvert á móti virðist skólinn falla í sama farveg og umhverfi barnanna heima fyrir og getur ekki bætt lakar heimilisaðstæður upp. Þannig viðheldur skólakerfið ástandi sem er með öllu óviðunandi.

Á leið til atvinnuleysis

Sú staðreynd að hópur ungmenna flosnar upp án þess að standast grunnskólapróf og fjöldi þeirra nemenda sem innritast í framhaldsskóla ljúka mjög seint eða aldrei neinu viðurkenndu námi á því skólastigi er með öllu óásættanleg. Slíkt er bæði dýrt og óhagkvæmt og fyrir samfélagið sem í stöðugt vaxandi mæli verður að grundvalla hagsæld sína á því að allir sem það byggja búi yfir góðri almennri þekkingu og traustri verk- og tæknipekkingu. Þetta ástand er ekki síður óásættanlegt út frá stöðu einstaklinganna sem í því lenda. Verði ekki brugðist við af afli er í reynd verið að undirbúa jarðveg fyrir viðvarandi atvinnuleysi stórs hóps ungmenna sem vegna skorts á þekkingu og hæfni nær ekki að treysta stöðu sína á vinnumarkaðinum. Skólinn og menntakerfið verða að þróast með þeim hætti að allir finni þar verkefni miðað við áhuga og hæfni og fái nauðsynlega aðstoð til að leysa þau af hendi. Það á að vera markmiðið með starfinu í grunn- og framhaldsskólum að búa einstaklingana undir líf og starf í flóknu nútímasamfélagi. Slíkt felur í sér að þeir verða að vera búnir undir þátttöku í félagsstarfi og að taka þátt í samfélagslegum ákvörðunum. Það felur einnig í sér að viðkomandi þarf að vera búinn undir að taka upp hagnýt störf í samfélaginu. Síðast en ekki síst þarf að búa einstaklingana undir að halda áfram að bæta og auka þekkingu sína alla starfsævina.

Samfelldur ferill, grunnskóli - framhaldsskóli

Grunnskólinn og framhaldsskólinn verða að samræma starfsemi sína í stað þess að vinna sem sjálfstæðar einingar sem taka ekki tillit hvor til annarrar. Í starfsemi grunnskólans virðist ónógur undirbúningur fara fram fyrir nám á framhaldsskólastigi. Gildir einu hvort um er að ræða starfshæfni nemenda eða þekkingu þeirra. Nám á unglingastigi grunnskólans er ekki í eðlilegu samhengi við það sem á undan er gengið, né það sem á eftir kemur. Grunnskólapróf hefur ekkert gildi á vinnumarkaði.

Menntunarskylda, að skólinn mennti nemendur sína

Ekki er nægjanlegt að börnum sé skylt að ganga í skóla ef skólinn gegnir ekki skyldu sinni að mennta nemendur sína. Skólastarf þarf að aðlaga þörfum hvers og eins og finna verður leiðir fyrir þá nemendur sem verst eru settir jafnframt því að veita þeim aukin tækifæri sem vel standa að vígi.

Eftirlit með gæðum skólustarfs og upplýsingaskylda skólanna

Rannsóknir á skólustarfi þarf að stórefla, auka ber upplýsingaskyldu skólanna um starfið í þeim tilgangi að veita þeim aðhald og samræmt námsmat á að fara fram.

Markmiðið með eftirliti og mati er að tryggja að gæði menntunar séu sambærileg á milli skóla og stuðla að því að einstakar skólastofnanir nái sem bestum árangri. Þessu þarf að fylgja eftir með ráðgjöf og þróun.

Grunnskólinn og heimilin, samfelldur skóladagur, aðstoð við heimanám

Grunnskólinn starfar oft á tíðum án tillits til heimilanna. Þar er eðlileg krafa foreldra og nemenda að skóladagur sé samfelldur. Heimilin verða að geta treyst því að kennt sé samkvæmt stundaskrá alla virka daga skólaársins. Það er fullkomið tillitsleysi við heimilin að börnin séu send heim úr skóla vegna starfsdaga kennara eða af öðrum ástæðum. Gera verður þær kröfur til skólans að hann sé í takt við samfélagið og leysi þau vandamál sem upp koma hverju sinni án þess að það komi niður á öryggi og velferð barnanna. Dagleg viðvera barna í grunnskólum á að lengjast.

Nám er vinna sem krefst skipulags og góðrar stjórnunar. Brýnt er að börnin læri að nýta tímann vel og vinna skipulega og það sé fyrir þeim haft í skólastarfi. Nauðsynlegt er að börnin vinni heimaverkefni í skólanum og hafi aðgang að íþrótt-, tómstunda- og listnámi. Liður í eðlilegu skólastarfi er að börnin hafi aðgang að hollri fæðu.

Grunnskólinn, atvinnulífið og foreldrar

Í grunnskólum á að leggja grunn að starfsmenntun. Síðustu árin í grunnskóla á námið að sveigjast inn á starfsbrautir með möguleika á eðlilegu framhaldi á framhaldsskólastigi. Gera verður átak á sviði tækni- og raungreina m.a. með bættri kennslutækjæign, starfsaðstöðu nemenda og þekkingu kennara á því sem gerist utan skólaveggjanna í atvinnulífinu. Efla þarf starfsfræðslu þar sem fjallað er um atvinnulífið og einstakar starfsgreinar. Tengsl atvinnulífs og skóla þurfa að vera mikil. Eðlilegt er að foreldrar og atvinnulífið láti meira til sín taka í stjórnun grunnskólans og mótun stefnu hans. Auka verður þátttöku, réttindi og ábyrgð foreldra og fulltrúa þeirra í starfsemi grunnskólans. Um leið er vert að benda á að mikilvægt er að hvetja foreldra til að taka þátt í þessu starfi og gera þeim það mögulegt. Mikilvægt er að þeir foreldrar sem koma að skólastarfinu með formlegum hætti endurspegli sem best atvinnulífið en sé ekki einsleitur hópur. Í grunnskóla þarf að veita námsráðgjöf til undirbúnings framhaldsskólanámi.

Sjálfstæði skóla og skólastjórnenda, gæðamál

Undirstaða gæðastjórnunar og gæðaeftirlits er fólgin í að innan stofnunarinnar sé fyrir hendi vilji, skilningur og hæfni þannig að svigrúm myndist fyrir framgangi markmiða stofnunarinnar. Skólastjórn og skólastjóri eiga að bera ábyrgð á að starfsemi skólans sé í samræmi við lög og þessum aðilum þarf að vera fyllilega ljóst að hjá þeim hvílir ábyrgðin. Þessir aðilar eiga að setja öðrum starfsmönnum erindisbréf og gera ráðningarsamninga við þá. Skólastjórn og skólastjóri ráði annað starfsfólk skólans og skilgreini starfssvið þess í samræmi við gæðastefnu skólans. Gæðastefna skólans hlýtur að grundvallast á skólanámskrá og því þarf að setja fram skýrar kröfur um gerð skólanámskráa í grunnskólum.

Uppfyllir grunnskólafrumvarpið þessar kröfur?

Frumvarp til laga um grunnskóla er góður grunnur undir þær úrbætur sem nauðsynlegt er að gera á íslensku menntakerfi. Hér á eftir verða þau atriði nefnd sem betur þurfa að fara í frumvarpinu.

Áður en grunnskólinn verður fluttur til sveitarfélaganna verður að gera kröfur til þess að sveitarfélögunum verði búnar aðstæður til að standa myndarlega að öllu skólastarfi á

grunnskólastigi. Jafnframt verður að tryggja að sveitarfélögin uppfylli þær skyldur sem eðlilegt er að setja slíku starfi. Þá þurfa að vera til staðar úrræði sem hægt er að grípa til ef sveitarfélögin bregðast skyldum sínum. Slíkt ætti að vera ótvíræður réttur neytenda þessarar þjónustu.

Nokkur vafi er á að ákvæði frumvarpsins um kennslu og þjónustu fyrir börn sem þurfa sérstakan stuðning vegna námsörðugleika sbr. 37. grein séu afdráttarlaus og þurfi því að taka fram að börnin skulu hljóta sérstakan stuðning í stað þess að eiga rétt á honum.

Í frumvarpið skortir ákvæði um að kennt skuli alla virka daga utan hléa um jól og páska og þeirra daga sem ætlaðir eru fyrir próf. Nauðsynlegt er að leggja af starfsdaga kennara sem fyrst og fremst valda börnunum vandræðum vegna atvinnuþátttöku foreldranna. Hvergi í atvinnulífínu viðgengst að loka fyrirtækjum meðan starfsmenn eða stjórnendur eru að ná áttum í starfseminni heldur er skipulagning og stjórnun leyst jafnhliða daglegu amstri og gera verður sömu kröfur til skólanna í starfsháttum að þessu leyti.

Í frumvarpið vantar ákvæði um að börn fái stuðning og aðstoð í skólanum sjálfum við heimanám og verkefni þannig að það verði ekki fyrst og fremst börn foreldra með lengri skólagöngu að baki og skemmstan vinnutímann sem fái aðstoð við heimaverkefni sín.

Í frumvarpið vantar skýlaus ákvæði um skyldu skólanna til að kenna íþróttir, tólmundaiðkun og listnám.

Lokaorð

Í flestum veigamestu atriðum falla þær áherslu sem fram koma í frumvarpi til laga um grunnskólann að stefnu okkar í málefnum grunnskólans.

Við teljum brýnt að frumvarpið fái jákvæða afgreiðslu á Alþingi með það að markmiði að ný lög um grunnskólann verði afgreidd á yfirstandandi þingi og komist til framkvæmda sem allra fyrst. Sama á við um nýja lagasetningu um framhaldsskólann.

Umsögn

Alþýðusambands Íslands
og
Menningar- og fræðslusambands alþýðu
um
áfangaskýrslu
nefndar um mótun
menntastefnu frá
janúar 1993

Umsögn um áfangaskýrslu um menntastefnu á vegum nefndar menntamálaráðuneytisins

Með áfangaskýrslu nefndar um móttun menntastefnu er ráðist í umfangsmikið og mikilvægt málefni. Stefna lýðræðisþjóðfélags í menntamálum hlýtur ætíð að vera málamiðlun. Um hana verður að ríkja sæmileg sátt í samfélaginu. Annars nær hún ekki fram að ganga. Slíkt kæmi fyrst niður á nemendum og leiddi síðar afturkipps í þróun samfélagsins hvort sem um atvinnulífið eða félagslegu hliðina er að ræða.

Í skýrslunni eru færð fram mörg atriði sem við nánari útfærslu geta bætt skólakerfið og hraðað þróun þess. Draga má þá ályktun að skýrslan sé samandregnar niðurstöður nefndarinnar og á bak við þær liggja mikil vinna, efni og umræða. Varla er hægt að ætlast til þess að umsagnaraðilar hafi aðgang að gögnum nefndarinnar enda myndi það eflaust ofbjóða mörgum í vinnu að kanna þau til hlítar. Áfangaskýrslan gefur umsagnaraðilum hins vegar ótal tækifæri til að móta hugmyndirnar sem koma þar fram, varpa fram nýjum hugmyndum eða andmæla einstökum atriðum.

Miðað við að áfangaskýrslan er fyrst og fremst stefnumóttun er eðlilegt að umsagnaraðilar velti fyrir sér hvernig endanlegar tillögur nefndarinnar munu líta út. Nauðsynlegt er að nefndin gefi umsagnaraðilum tækifæri til að færa fram álit sitt þegar nánari útfærsla á einstökum atriðum liggur fyrir. Slíkt ætti að geta tryggt enn frekar að niðurstöður nefndarinnar verði farsælar og hægt verði að hrinda þeim í framkvæmd í formi nýrra skólalaga og nýsköpunar í menntamálum þjóðarinnar.

Umsögn er gerð um ýmsar tillögur áfangaskýrslunnar. Hún byggist á ályktun um menntamál sem samþykkt var á þingi Alþýðusambands Íslands sl. haust, umræðu sem fór fram vegna undirbúnings þingsins og umræðu um starfsmenntun í atvinnulífinu. Hún birtist að lokum í sérstökum lögum frá Alþingi um það efni og umræðum 20 manna hóps sem settur var á laggirnar til að gefa umsögn um áfangaskýrsluna.

Umsögn

Um rekstur grunnskóla

Áherslu ber að leggja á að engan veginn er tímabært að taka ákvarðanir um tilflutning grunnskólans til sveitarfélaga fyrir en varpað hefur verið ljósi á málið í heild. Það væri fyllsta ábyrgðarleysi að taka ákvarðanir í málinu fyrir en allir þættir um fjármál og starfsmannamál liggja fyrir. Þá hafa möguleikar sveitarfélaga til að annast rekstur og faglegt starf grunnskólans ekki verið kannaðir. Skorað er á nefnd um mótun menntastefnu að stilla upp þremur kostum varðandi rekstur grunnskólans þ.e. a) úrbætur á núverandi fyrirkomulagi, b) rekstur grunnskólans færist að fullu til sveitarfélaga og c) að hver skóli verði gerður að sjálfseignarstofnun ríkis, sveitarfélags og foreldrafélags. Þessir aðilar ættu aðild að stjórn skólans ásamt fulltrúum atvinnulífs, þ.e. vinnuveitenda verkalýðsfélaga, nemenda og fulltrúa starfsmanna skólans. Fulltrúum í stjórn skólans verði skipt út reglulega.

Án tillits til hvort ríki, sveitarfélög eða sjálfseignarstofnanir beri ábyrgð á skólastarfi er nauðsynlegt að skólanefnd starfi við hvern skóla. Skólanefnd eða öllu heldur skólastjórn á ekki aðeins að vera ráðgefandi aðili heldur einnig hafa með höndum yfirstjórn skóla.

Nauðsynlegt er að tryggja að sem flestir taki þátt í störfum skólastjórna/nefnda. Atvinnulífið á að endurspeglast í skólanefndinni. Gæta þarf að því að fyrir marga er erfitt að taka þátt í störfum af þessum toga meðfram vinnu en slíkt verður að leysa með góðu skipulagi.

Varðandi tillögu 8.3 um nefnd fulltrúa ríkis og sveitarfélaga, til að meta kostnað af tilfærslu o.fl. vegna breytinga á rekstri grunnskólans, er gerð tillaga um, að ásamt fulltrúum ríkis og sveitarfélaga verði fulltrúar vinnumarkaðarins í nefndinni. Hér getur verið um að ræða álögur á almenning og fyrirtæki og því er rétt að fulltrúar úr þeim áttum komi einnig að málinu frá upphafi.

Sjálfsagður undanfari tillögugerðar um breytingar á rekstri grunnskólans er að kanna allar hliðar starfsmannamála hvort heldur er starfssvið, réttindi eða skyldur. Þá verður að gera könnun á því hvort nauðsynlegt svigrúm í starfsmannamálum sé fyrir hendi þannig að tilgangurinn með breyttu rekstrarfyrirkomulagi náist.

Um hlutverk og ábyrgð skólastjóra og kennara og gæðastjórnun

Í skýrslunni er lagt til að "hlutverk og ábyrgð ráðuneytis, sveitarstjórna, skólanefnda, skólastjóra og kennara verði afmörkuð skýrar en nú er í reglugerð og erindisbréfum". Efasemdir eru um að hugmyndir í áfangaskýrslunni um innra eftirlit og gæðastjórnun í skólum nái fram að ganga ef aðili utan skólans njörvar niður í reglugerðum og erindisbréfum, í hverju starfssvið starfsmanna felst. Undirstaða gæðastjórnunar og gæðaeftirlits er fólgin í að innan stofnunar sé fyrir hendi vilji, skilningur og hæfni

Þannig að svigrúm myndist fyrir framgangi markmiða stofnunarinnar. Skólastjórn og skólastjóri eiga að bera ábyrgð á að starfsemi skólans sé í samræmi við lög og virðist því nægja að taka það eitt fram í reglum. Þessir aðilar setja öðrum starfsmönnum erindisbréf eða gera ráðningarsamninga við þá. Skólastjórn og skólastjóri ráða annað starfsfólk skólans og skilgreina starfssvið þess í samræmi við gæðastefnu skólans. Gæðastefna skólans hlýtur að grundvallast á skólanámskrá og því er tekið undir tillögur um að settar verði fram skýrar kröfur um gerð skólanámskráa í grunnskólum.

Jafnhliða breyttum lögum um grunnskóla og rekstrarform verður hið opinbera að mynda aðstæður sem opnar leið fyrir gæðahugsunina inn í skólakerfið. Því er tekið undir hugmyndir í tillögu 3 og er nauðsynlegt að leggja áherslu á að tímamörkin standist.

Matsaðferðir, úttektir, heildarmat, samræmdar mælingar, upplýsingamiðlun og innra og ytra eftirlit

Tekið er undir hugmyndir um þessi atriði. Lögð er áhersla á að niðurstöður allra athugana sem gerðar eru á skólastarfi verði nýttar til að bæta skólastarf og finna þarf leiðir til að gera skólunum kleift og skylt að bæta starf sitt á grundvelli þeirra. Áhersla er lögð á að ráðgjöf við starfsmenn skóla verði stórlega eflid.

Einsetinn skóli og samfelldur skóladagur

Hér er vitnað í áherslur í ályktun ASÍ-þings um menntamál:



"Grunnskólinn starfar oft á tíðum án tillits til heimilanna. Það er eðlileg krafa foreldra og nemenda að skóladagur sé samfelldur. Heimilin verða að geta treyst því að kennt sé samkvæmt stundaskrá alla virka daga skólaársins. Það er fullkomið tillitsleysi við heimilin að börnin séu send heim úr skóla vegna starfsdaga kennara eða af öðrum ástæðum. Gera verður þær kröfur að skólinn sé undir það búinn að geta gert ráðstafanir ef eitthvað raskar skólastarfi. Skólinn verður að laga sig að þeim þjóðfélagsháttum sem ríkja hverju sinni.

Dagleg viðvera barna í grunnskólum þarf að lengjast. Lengd skólaársins ber að skoða og jafnframt hvort grunnskólagöngu eigi að ljúka ári fyrr.

Nám er vinna sem krefst skipulags og góðrar stjórnunar. Brýnt er að börnin læri að nýta tímann vel og vinna skipulega og það sé fyrir þeim haft í skólastarfi. Nauðsynlegt er að börnin vinni heimaverkefni í skólanum og hafi aðgang að íþrótt-, tómstunda- og listnámi. Liður í eðlilegu skólastarfi er að börnin hafi aðgang að hollri fæðu".

Á meðfylgjandi myndum sem unnar er úr heimildum í Tímariti Háskóla Íslands, sérprentun nr. 4, er gefið til kynna að börn þeirra foreldra sem skemmsta hafa skólagönguna að baki hafi minnst gagn af veru sinni í grunnskólanum. Ástæður geta verið margar en hér skal lögð áhersla á að vinnutími foreldranna er langur og

möguleikar þeirra til að hjálpa börnum sínum við heimanám eru minni m.a. með hliðsjón af eigin skólagöngu. Skýringuna er varla að finna í lítilli greind barnanna. Hana má miklu frekar finna í umhverfi barnanna og aðstæðum sem þeim eru búnar. Við því verður skólinn að bregðast með aðstoð við heimanám og þau hafi aðgang að íþrótt-, tómstunda- og listnámi.



Tekið er undir hugmyndir um að nemendum verði tryggðir 175 skóladagar að lágmarki á ári hverju en ekki er að finna skýringar á því í áfangaskýrslunni hvort ráðgert er að hafa skóladagana fleiri en 175 og þá hve marga en kanna ætti hvort ekki eigi að fjölga þeim enn frekar.


Efnt verði til sumarnámskeiða fyrir grunnskólanemendur. Á námskeiðunum verði lögð áhersla á kjarnagreinar grunnskólans í þeim tilgangi að bæta kunnáttu nemendanna. Reynt verði að mynda nýtt umhverfi í skólanum, blanda saman starfi og leik, og nota aðrar starfsaðferðir en nemendur eiga að venjast úr sínum skóla m.a. með því að þeir leggi einnig stund á greinar sem efla frumkvæði þeirra og sjálfstraust.

Efling unglingsdeilda

Í menntamálaályktun ASÍ-þings segir m.a.:

"Í grunnskólanum á að leggja grunn að starfsmenntun. Síðustu árin í grunnskóla á námið að sveigjast inn á starfsbrautir með möguleika á eðlilegu framhaldi á framhaldsskólastigi. Gera verður átak á sviði tækni- og raungreina m.a. með bættri kennslutækjaeign, starfsaðstöðu nemenda og þekkingu kennara á því sem gerist utan skólaveggjanna í atvinnulífinu. Efla þarf starfsfræðslu þar sem fjallað er um atvinnulífið og einstakar starfsgreinar. Tengsl skóla og atvinnulífs þurfa að vera mikil. Eðlilegt er að foreldrar og atvinnulífið láti meira til sín taka í stjórnun grunnskólans og mótun stefnu hans".

Myndin sýnir hvernig útfæra má hugmyndina hér að framan.




Í 1.-7. bekk verði lögð áhersla á framleiðsluvinnu (projektarbete) nemenda og þannig verði verk hæfni þeirra þjálfuð, hvort sem um er að ræða í töluðu eða skriflegu máli, jafnframt því sem leikni þeirra er þjálfuð og frumkvæði eft. Verklag, hvernig hægt er að standa að ólíkum verkum, verði einnig kennt.

Í 8. bekk hefst markviss starfsfræðsla innan samfélagsfræðinnar sem byggist á kynningu á atvinnugreinum. Starfsmöguleikar kannaðir, atvinnugrein greind í starfssvið, starfsgreinin skoðuð innan heildar og starfræn viðfangsefni tengd áhugamálum aldurshópsins tekin fyrir. Þessu lýkur í 10. bekk þar sem unglingarnir velja sér starfsgrein/greinar sem þeir kynna sér vel m.a. með vinnu og lausnum verkefna í samvinnu við atvinnulífið. Framhaldsskólanám er síðan beint framhald af þessum undirbúningi.

Gefa þarf þeim unglingum, sem af einhverjum orsökum hafa tapað áhuga fyrir bóknáminu og standa frammi fyrir hverjum ósigrinum á fætur öðrum í námi, möguleika til að geta unnið sigra. Höfða verður til þessara nemenda með list- og starfsnámi. Skipuleggja þarf þessa áfanga á þann veg að þeir nýtist á fyrstu árunum í framhaldsskólanum. Á þann hátt myndast einnig ráðrúm fyrir nemandann til að vinna upp þær grunnskólagreinar sem hann náði ekki fullnægjandi árangri í.

Með þessu fyrirkomulagi verða skil milli grunn- og framhaldsskóla ekki eins skörp. Nemendur verða ekki stöðvaðir og skildir frá jafnöldrum sínum á viðkvæmu skeiði unglingsáranna. Þeir fá tækifæri fram til 18 ára aldurs að reyna sig og víðtækari möguleika til þess að finna hæfileikum sínum réttan farveg. Finna sjálfum sér skilgreind lokamarkmið í námi.

Myndin sýnir hvernig útfæra má hugmyndirnar hér að framan.



kanna eftir hvaða kunnáttu er leitað í atvinnulífinu og semja starfslýsingar og námsskrár í samræmi við niðurstöðurnar. Skipuleggja á þessar brautir sem fyrsta hluta af frekara námi.

Dæmi: Aðstoðarfólk á sjúkrahúsum > sjúkraliðar > hjúkrunarfræðingar > læknar.

Aðstoðarfólk á dagvistun barna > fósturliðar > fóstur.

Grunndeildir iðngreina > iðngrein > meistaraskóli > tækniskóli > verkfræði.


Afgreiðslustörf > verslunarskóli > viðskiptafræði.

Aðstoðarfólk í mótuneytum > sjókokkar > matartæknar > matreiðslumenn.

Einnig má benda á sjálfstæðar brautir innan iðju s.s. plast-, fjölliðu og vefjaiðnað, ferðaþjónustu, matvælaíðnað, fiskiðju og fiskeldi.

Framhaldsskólanám byggist á samþættingu verklegra og bóklegra greina þar sem nemendur læra kjarnagreinar en velja sjálfir verknám eða bóknám sem aðalsvið. Þannig lýkur enginn framhaldsskólanámi án starfsnáms. Brautir geta verið mislangar allt eftir aðstæðum í hverri starfsgrein. Námið nýtist alltaf til áframhaldandi náms. Geri háskólar kröfur um undirbúning vegna tiltekinnna námsgreina, sem ekki er gert ráð fyrir í framhaldsskóla á fjórum árum eða nemandinn þarf að bæta sig, þá verða í boði námskeið í einstökum greinum í framhaldsskólanum. Hraðfara nemendur fá stöðu sína metna samkvæmt kröfum háskólanna um undirbúningsnám.


Á myndinni má sjá hvernig skólakerfið lítur út í heild sinni samkvæmt hugmyndunum hér að framan.



Sú stefna, sem kemur fram í áfangaskýrslunni, að iðnmenntun verði samstarfsverkefni ríkis og viðkomandi starfsstétta er góð. Í þessu felst m.a. að atvinnulífið, þ.e. atvinnurekendur og launþegar, sjái alfarið um markmiðssetningu og námsskrá einstakra iðngreina, m.ö.o. skipulagið. Lagt er til í áfangaskýrslunni að aðilar úr samtökum atvinnugreinanna eigi sæti í stjórn iðnmenntaskóla, eða deilda þeirra, í tilraunaskyni. Áhersla er lögð á að þessi tilraun verði gerð og að atvinnulífið verði í meirihluta í stjórnnum til að tryggja framgang nauðsynlegra breytinga og framkvæmd þeirra markmiða sem sett eru. Með því er tryggt að saman fari áhrif og ábyrgð atvinnulífs á skólastarfinu. Þessar hugmyndir eiga einnig vel við um annað starfsnám.

Á myndinni má sjá hvernig atvinnulífið getur orðið ábyrgur aðili að skólastarfi.

Gæðaeiningar náms



Til að útskýra myndina er rétt að skoða hvern þátt fyrir sig.

Skipulag verður í höndum viðkomandi starfsgreina. Hver starfsgrein segir til um uppbyggingu námsins, markmið þess, vinnur að námskrárgerð í samvinnu við

framkvæmdaaðila, skilgreinir undanfara náms o.fl. Starfsgreinin þarf að sjá um upplýsingaflæði til nemenda í námi og til nemenda grunnskólans sem hluta af starfsnámi og starfsfræðslu.

Framkvæmd getur verið í höndum viðkomandi starfsgreina, sérskóla eða framhaldsskóla. Lykillinn að góðri framkvæmd er innra eftirlit, skýr framkvæmdaáætlun, gæðastjórnun, markviss stjórnun, góð nýting tíma og aðstöðu, áhugasamir kennarar, virkir nemendur og sterk tengsl við þá sem bera ábyrgð á skipulagi námsins. Í skólanámskrá þarf að koma m.a. fram hvað nemendur eiga að kunna og geta, upplýsingar um kennsluaðferðir, kennsluefni og kennslutæki og námsmat ásamt öðrum þáttum sem tilheyra námskrárgerð. Framkvæmdin er þjónustustarfsemi við nemendur, atvinnulífið og áframhaldandi nám.

Úttekt byggist á gæðaeiningum námsins þar sem fylgst er með framkvæmdinni og nemendum allan námstímann. Úttektin beinist einnig að atvinnulífinu þannig að það ræki hlutverk sitt. Úttekir annast aðilar sem standa utan við framkvæmdina.

Eftirlit er í höndum ráðuneytis eða eftirlits/rannsóknarstofnana í samvinnu við aðila sem annast skipulagið, framkvæmdina og úttektina. Eftirlitið nær til þessara þriggja þátta.

Tekið er undir og lögð áhersla á hugmyndir í skýrslunni um markvissan undirbúning fyrir nám á háskólastigi í framhaldi af iðn- og starfsnámi. Þessi hugmynd verður því aðeins að veruleika að verknám og meistaranám verði skipulagt og metið til jafns við núverandi stúdentsbrautir. Þetta þýðir að bóklegum greinum verði fækkað í framhaldsskóla en áhersla lögð á að þjálfar nemendur í að leita sér fróðleiks og vinna úr honum.


Ýmis atriði

Í áfangaskýrslunni er fjallað um námsaðgreiningu. Hugtakið þarfnast frekari útskýringar en bent skal á að árangur nemenda á grunnskólaprófi er ekki einhlítur mælikvarði á getu þeirra. Hann getur miklu frekar verið mæling á þáttum í umhverfi nemenda innan og utan skólans. Námsaðgreining getur verið hugtak yfir það þegar nemendur eru skildir að með óhentugum kennsluháttum. Námsaðgreining getur virkað á nemendur sem hæfnisstimpill eða vanhæfnisstimpill og ef merkingin er slík þá er það leiðin til niðurbrots og niðurlægingar nemenda.

Í hugmyndum um skipulag skólakerfisins, sem fram hafa komið í umsögn þessari, er svigrúm fyrir fornám og gagnfræðanáms fyrir nemendur sem ljúka grunnskólanum með lökum árangri. Lögð er áhersla á að allt nám nýtist nemendum og í framlögðum hugmyndum er gert ráð fyrir að nemendur geti verið á hægferð í einni grein en jafnvel á hraðferð í annarri. Áriðandi er að nemendur verði ekki látnir stunda margar erfiðar bóklegar námsgreinar samtímis heldur örva þá með greinum sem þeir finna sig í og ráða við. Þetta mætti kalla nám við hæfi miklu frekar en námsaðgreiningu. Þessir starfshættir

í kennslu og skipulagi hennar er grundvallaratriði í fullorðinsfræðslu og henta unglíngum vel ef rétt er á haldið.

Í skýrslunni er fjallað um móðurskóla. Þessi hugmynd á vel við í fámennu landi sem Íslandi og er undirstaða þróunar í mörgum námsgreinum og verknámi. Móðurskóla má m.a. skýra eins og gert er á myndinni hér að neðan. Það er gert m.a. vegna þess að ekki er alveg ljóst hvernig nefndin skilur hugtakið.



Nauðsynlegt er við áframhaldandi vinnu nefndarinnar um menntastefnu að taka til umfjöllunar möguleika fullorðinna til náms hvort sem um er að ræða símenntun, tómstundanám, fjarnám, eftimenntun eða grunnmenntun t.d. á grunn- eða framhaldsskólastigi. Þá er nauðsynlegt að gefa því gaum að utan við skólakerfið hefur blómgastr umfangsmikil fullorðinsfræðsla sem mikilvægt er að styðja og efla. Það hefur sýnt sig að nám utan skólakerfisins er aðgengilegt fyrir marga.

Mikilvægt er, samhliða umræðu um endurskipulagningu skólakerfisins, að endurbæta öldungadeildir við framhaldsskólann. Gott væri að endurmeta hvort að rétt sé að kenna fullorðnum námsmönnum við öldungadeildirnar með sama hætti og nota sömu viðfangsefni og þegar um unglínga er að ræða en nota til þessi helmingi skemmri tíma. Nauðsynlegt er að gera ráðstafanir svo framhaldsskólinn geti veitt öllum þeim fjölda landsmanna þjónustu sem hafa ekkert framhaldsnám að baki.

Óskað er eftir því að nefndin móti stefnu um sumarstarf framhaldsskólans í þágu nemenda sem þurfa að bæta sig, hraða námi sínu eða þurfa að fara á milli skóla vegna áfanga sem aðeins eru kenndir í einum eða fáum skólum. Einnig má benda á þá leið að halda sumarannir þar sem heilir áfangar eru kenndir í snörpum lotum. Miðað við að útskrifaðir nemendur framhaldsskólans þurfi að bæta við sig áföngum vegna krafna háskóla kæmi sumarstarf þeim að góðum notum. Í skólahúsnæði, búnaði og tækjum liggja miklir fjármunir og það hlýtur að vera krafa að þessar eignir verði nýttar betur en nú er gert. Á þessu stigi verður ekki fjallað um hvort möguleikar ungmenna til sumarvinnu minnki verulega en ef svo fer þá væri hentugt fyrir nemendur að nýta tíma sinn í námi fremur en að mæla göturnar sem allar upplýsingar eru til um hjá gatnagerðarfólki.

Í áframhaldandi umræðu um menntastefnu er rétt að skoða hvort og hvernig þarf að breyta kennaranámi þannig að það henti þeirri menntastefnu sem lagt er til í skýrslunni. Sérstaka áherslu þarf að leggja á að athuga þá þætti í kennaranámi sem lúta að kennslufræði, ekki einungis fræðilega hlutanum heldur einnig hvernig best er að kenna fólki, ungu sem öldnu þegar til hitunnar kemur.

Nauðsynlegt er að auka kröfur um nám og hæfni verkmenntakennara. Hluti af námi verkmenntakennara verður að vera meistaranám. Skilgreina þarf kröfur um kennslu- og uppeldisfræðinámi þeirra og ríkur þáttur í kennarastarfi þeirra verður að felast í eftirmenntun á sviði iðngreinar þeirra.

ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

GRENSÁSVEGUR 16A — 108 REYKJAVÍK — ÍSLAND — FAX 680093 — SÍMI 813044
PÓSTHÓLF 8720 — 128 REYKJAVÍK — KENNITALA 420169-6209



Menntamálaráðherra
Ólafur G. Einarsson
Sölvhólgötu 4
150 Reykjavík

Hjálagt fylgir umsögn Alþýðusambands Íslands um drög að frumvarpi til laga um framhaldsskólann sem lögð var fyrir miðstjórn sambandsins 6. apríl sl. og samþykkt þar.

Umsögnin var unnin af menntanefnd ASÍ sem skipuð er fulltrúum allra landssambanda innan Alþýðusambandsins og Menningar- og fræðslusambandi alþýðu, auk starfsmanns ASÍ.

Virðingarfyllt,
F.h. miðstjórnar ASÍ

Halldór Grönvold, skrifstofustjóri.

Umsögn um drög að frumvarpi til laga um framhaldsskóla.

Alþýðusamband Íslands, apríl 1994.

Inngangur

Frumvarp til laga um framhaldsskóla er nýlega hefur verið kynnt af menntamálaráðherra er tímabært framlag yfirvalda til breytinga og þróunar á þessu skólastigi. Lýst er stuðningi við helstu markmið frumvarpsins er felast í fjölgun námsleiða þ.e. starfsmenntabrautum, að gera framhaldsskólann aðgengilegan öllum m. a. með sértæku námi fyrir þá er lakastan námsárangur hafa fyrir, nýjum áherslum í stjórnun og rekstri, sterkari réttarstöðu nemenda varðandi þjónustuhlutverk skólans og loks tengsl og samstarf atvinnulífs og skóla.

Ljóst er að frumvarpið kallar á nýjar áherslur í fjárveitingum til framhaldsskólans. Þetta varðar fyrst og fremst starfsnámið sem eðli síns vegna kostar meira í peningum og aðstöðu en bóknám. Miðað við síauknar kröfur og þörf fyrir starfsnám í samfélaginu er eðlilegt að álykta að löggjafinn muni veita meira fé til skólastigsins en áður geri hann frumvarpið að lögum. Markmið frumvarpsins um starfsnám verður ekki að veruleika nema til komi auknar fjárveitingar.

Í umsögn þessari er hver frumvarpsgrein tekin fyrir og um hana fjallað eftir atvikum. Einnig eru nokkur atriði nefnd sem almennar athugasemdir þar sem þær hafa ekki beina skírskotun til frumvarpsgreina.

Almennar athugasemdir

Þjónustuhlutverk skólans við einstök byggðarlög.

Nauðsynlegt er að fram komi í lögum um framhaldsskólann ákvæði þar sem kveðið er á um þjónustuhlutverk skólans utan aðseturs hans. Brýnt er að gefa fólki kost á framhaldsskólanámi þar sem það býr hvort sem um er að ræða hefðbundið kennsluform eða sambland þess og fjarkennslu. Í þessu skyni gæti einnig þurft að breyta hefðbundnu kennsluformi í námskeið til hagræðingar. Námskeiðin væru einkum í undirstöðugreinum og skipulögð á þann hátt sem best hentar fullorðnu fólki.

Lágmarkskröfur um húsnæðil og búnað.

Í lagatextanum þarf að koma fram að í aðalnámskrá eigi að skilgreina lágmarkskröfur um húsnæði, aðstöðu og búnað sem yrðu skilyrði þess að hægt væri að kenna tilteknar námsgreinar og hluta þeirra í einstökum skólum. Hvað starfsmenntun varðar munu starfsgreinaráð gera að nokkru grein fyrir kröfum á þessu sviði í aðalnámskrá. Hins vegar er talið rétt að lögbinda að í aðalnámskrá skuli skilgreina lágmarkskröfurnar fyrir allar námsgreinar

sem kenndar eru í framhaldsskólanum. Samkvæmt 4. grein á menntamálaráðherra að hafa eftirlit með því að framhaldsskólar hafi fullnægjandi aðstöðu hvað varðar húsnæði og búnað. Til að ná markmiðum þessarar greinar þarf að kveða á um í lögum hvað ráðherra á hafa til viðmiðunar í eftirlitsstarfi sínu.

Kennsluráðgjöf.

Innan hvers skóla þurfa kennarar að hafa aðgang að kennsluráðgjöf og ráðgjöf er snertir samskipti þeirra við nemendur. Námsráðgjöf snýr að nemendum en kennsluráðgjöf að kennurum. Þetta er mjög mikilvægt atriði þegar markmiðið er að skólar þjóni nemendum sínum sem best. Starf kennara er vandasamt og síbreytilegt í samræmi við ólíka nemendur og ekki hægt að ætlast til þess að þeir einir meti hvaða viðbrögð henti í öllum tilvikum. Hér er um hagsmunamál nemenda og kennara að ræða og um leið er kennsluráðgjöf eðlilegur þáttur í altækri gæðastjórnun og gæðastefnu skóla. Hins vegar þarf að ryðja þessari hugsun braut inn í skólana með lagaákvæði.

Setning reglugerða.

Lögð er áhersla á að til Alþýðusambands Íslands verði leitað og fulltrúar þess fái tækifæri til að hafa áhrif á efni reglugerða sem samdar verða á grundvelli framhaldsskólalaga.

Umsögn um einstakar lagagreinar

1. grein.

Engar athugasemdir.

2. grein.

1. málsgrein. "...taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi." Tekið er sérstaklega undir þetta hlutverk framhaldsskólans.

2. málsgrein. Engin athugasemd. Hins vegar er rétt að skilningur umsagnaraðila á hugtakiinu "sjálfstraust" komi hér fram. Sjálfstraust er undirstaða þess að einstaklingurinn geti nýtt þekkingu sína og tekið "virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi" sbr. 1. málsgrein 2. greinar frumvarpsins. Í orðinu "sjálfstraust" felst mikilvæg krafa um nýja og breytta kennsluhætti. Kenna þarf nemendum á þeirra eigin forsendum þ.e.a.s. að kenna þeim á þann hátt sem hentar best miðað við þroska og persónuleika þeirra, fyrri þekkingu, áhugasvið og getu. Til að geta tekið virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi þarf einstaklingurinn að geta tjáð hugsanir sínar í ræðu og riti. Því verður að leggja áherslu á að þjálfa nemendur í munnlegri framsetningu ekki síður en í ritgerðasmíð. Á þessu sviði þarf að bæta þekkingu kennara. Sá sem telur sig skorta getu til að tjá sig í ræðu skortir sjálfstraust. Hér verður skólinn að skila sínu hlutverki. Ekki verður séð að vilji löggjafans að þessum leyti verði betur sýndur en í 2. grein frumvarpsins með orðinu sjálfstraust.

3. grein.

Lýst er stuðningi við þá breytingu frá núverandi fyrirkomulagi sem er að finna í ákvæði 3. greinar um árlegan starfstíma framhaldsskólans. Jafnframt skal bent á að eðlilegt er að

framhaldsskólinn starfi allt árið og það verði á hendi skólanefndar og skólameistara að ákveða frekar um starfstíma og tilhögun starfseminnar. Hér er m.a. átt við að það hlýtur að vera hluti af gæðastefnu hvers skóla að hann geti hlutast að nokkru til um hvaða eftir- og starfsmenntun starfslið hans sækir. Það liggur í hlutarins eðli að slíkt nám þarf starfslið skólanna að geta sótt allt árið.

Þá er eðlilegt að framhaldsskólinn veiti nemendum sínum þjónustu utan venjulegs starfstíma s.s. vegna þess að þeir vilja flýta för sinni gegnum skólann eða að þeir þurfa á meiri aðstoð að halda en fjöldinn. Skólahúsnæði er bundið fjármagn og það hlýtur að vera brýnt að nýta slíkar fjárfestingar sem best. Það getur ekki talist eðlilegt að húsnæði þurfi á tveggja mánaða orlofi að halda á hverju ári heldur megi nýta það til fullnustu. Því væri eðlilegast að í þriðju grein kæmi fram að framhaldsskólinn starfi allt árið og lágmarksfjöldi kennsiudaga tiltekinn.

4. grein.

Engar athugasemdir.

5. grein.

Engar athugasemdir.

6. grein.

1. málsgrein. Engar athugasemdir.

2. málsgrein. Tvo menn skal ráðherra skipa samkvæmt tilnefningu sveitarstjórnar/-stjórna og þrjá án tilnefningar. Í ljósi þess vilja í frumvarpinu að tengja saman atvinnulíf og framhaldsskóla og greinargerð með frumvarpinu væri rétt að áskilja það í 6. grein að menntamálaráðherra skuli leitast við að skipa sinn hvorn fulltrúann í skólanefnd úr röðum launafólks og vinnuveitenda. Það skal hins vegar viðurkennt að það verður ekki alltaf auðvelt að koma til móts við þessi tilmæli en hugsanlegir erfiðleikar þeirra vegna verða að víkja fyrir nauðsyn þess að atvinnulífið endurspeglist í skólastarfi.

Hvatinn að bættum framhaldsskóla á sér rætur í samfélaginu og á skólinn að vera samfélagsstýrður en vera ekki stjórnað fyrst og fremst með hagsmuni innviða stofnunarinnar sjálfra að leiðarljósi.

7. grein.

1. málsgrein. Í ljósi greinargerðar með 21. grein frumvarpsins er tekið undir hugmyndir um verksvið skólanefndar samkvæmt 1. málsgrein 7. greinar.

2. málsgrein. Nauðsynlegt er að setja með reglum að skólagjöld fari ekki fram úr ákveðinni upphæð. Þak á skólagjöld er í fullu samræmi við anda frumvarpsins um að öll ungmenni eigi að geta sótt sér nám á framhaldsskólastigi. Ólíðandi væri að skóli rekinn fyrir opinbært fé útilokaði efnalitla nemendur vegna ákvörðunar skólanefndar um há skólagjöld. Þá er og nauðsynlegt að tryggja að skólagjöld starfsnámsnemenda verði ekki hærri en skólagjöld

bóknámsnemenda enda stríddi það gegn markmiði laganna sem er m.a. að auka framboð og hvetja til náms á starfsnámsbrautum. Hér þarf ráðherra að geta gripið inn í.

Setja þarf nákvæmar reglur um þátttöku nemenda í efniskostnaði í starfsnámi. Markmið frumvarpsins um stóraukið starfsnám ná ekki fram að ganga ef há efnisgjöld verða lögð á nemendur í starfsnámi. Há efnisgjöld yrði óbein hvatning til nemenda að leggja stund á bóknám og slíkt væri í mótsögn við markmið frumvarpsins og nauðsyn samfélagsins fyrir stóraukna starfsmenntun. Þá er rétt að benda á að hingað til hafa skólarnir haft frjálssar hendur og skyldað nemendur til efniskaupa en tryggja verður að efnisgjöld ofbjóði ekki efnahag nemenda og foreldra þeirra. Eðlilegt er að með reglum verði ákveðið að nemendur geti áfrýjað til ráðherra þyki þeim sér misboðið með kröfum um efnisgjöld og efniskaup.

3. málsgrein. Hér skal aðeins bent á að það liggur í hlutarins eðli að nemendur dagskóla framhaldsskólans eru virkastir í starfi nemendafélaga og þá oft nemendur sem lengst eru komnir í námi. Ungmennahluti nemendafélaga munu því taka ákvörðun um nemendafélagsgjöld, leggja þau jafnframt á nemendur í öldungadeildum sem hafa allt aðra hagsmuni og aðstöðu varðandi nemendafélög og starfsemi þeirra en ungmennin í dagskóla. Það væri því eðlilegt að í skólum þar sem öldungadeildir eru reknar að nemendafélög yrðu tvö, annað fyrir dagskóla og hitt fyrir öldungadeild veldu öldungadeildarnemar að fara svo að. Eðlilegt er að nemendur geti áfrýjað til skólanefndar þyki þeim gjöld til nemendafélaga há.

4. málsgrein. Engar athugasemdir.

5. málsgrein. Engar athugasemdir.

8. grein.

Engar athugasemdir.

9. grein.

Engar athugasemdir.

10. grein.

Hér skal minnt á umsögn um 3. málsgrein 7. greinar. Samkvæmt henni ætti að vera til nemendaráð öldungadeildarnema sem ætti jafnframt fulltrúa í skólaráði.

11. grein.

1. málsgrein. Engin athugasemd.

2. málsgrein. Rétt þykir að það verði skólanefnd sem geri samninga við starfsmenn um endurkomurétt í fyrri starf fái þeir leyfi frá störfum.

3. málsgrein. Engin athugasemd.

4. málsgrein. Engin athugasemd.

5. málsgrein. Tekið er undir ákvæðið um að ráðherra setji skólameistara erindisbréf. Hins vegar er eðlilegt að skólanefnd og skólameistari setji kennurum og öðrum starfsmönnum erindisbréf enda ræður skólameistari starfsmenn skólans. Slík ráðstöfun er miklu nær gæðastjórnun og líklegri til að koma til móts við gæðastefnu skóla en að ráðherra annist slíkt enda gæti ráðherra aðeins búið til almennt erindisbréf þar sem hann er ekki í aðstöðu til að meta nákvæmar þarfir hvers skóla um erindisbréf.

12. grein.

1. málsgrein. Samkvæmt greinargerðinni með 12. grein endurspegiast 1. málsgrein af núverandi ástandi. Nauðsynlegt er að tryggja með lögum lágmarksrétt starfsliðs skólanna til námsorlofs. Í ljósi þess að námsorlofið skal nota til að efla þekkingu kennara og kennarahæfni þeirra ætti að geta talist fullnægjandi að skólanefnd tæki afstöðu til beiðna starfsmanna skóla um námsorlof. Skólanefnd tæki ákvarðanir um slíkt í samræmi við gæðastefnu sína, ætlaði fé til námsorlofs af rekstrarframlagi til skólans og létti óþarfa snúningum af ráðherra og ráðuneyti.

2. málsgrein. Breytist til samræmis við breytingar á 1. málsgrein.

3. málsgrein. Réttara væri að öllu starfsfólki skóla gæfist kostur á starfsmenntun af þessu tagi en það bindist ekki aðeins við starfsmenn með kennslufræðilega menntun. Þar á meðal má nefna ræstingafólk, gangaverði, húsverði og skólasafnverði.

13. grein.

Engin athugasemd.

14. grein.

Engin athugasemd.

15. grein.

1. málsgrein. Engin athugasemd.

2. málsgrein. Í greinargerðinni er sagt að "inntökuskilyrði á einstakar námsbrautir miðast fyrst og fremst við að nemendur hafi nægilegan undirbúning til þess að takast á við nám viðkomandi brautar og geti náð lokamarkmiðum hennar á eðlilegum námstíma. Inntökuskilyrðin verða því breytileg eftir námsbrautum". Nauðsynlegt er að tryggja með reglugerð að skólar geti ekki lokað sér með því að skilgreina þröngt regluna "að nemendur hafi nægilegan undirbúning til þess að takast á við nám viðkomandi brautar". Væntanlega verður áskilið í skólanámskrá í hverjum skóla hvað telst nægilegur undirbúningur. Þannig gæti t.d. einn framhaldsskóli í Reykjavík útbúið námsbrautir sínar þannig að aðeins nemendur með ágætiseinkunnir kæmst í skólann. Á sama tíma yrði framhaldsskóli í dreifbýli, en slíkur skóli hefur ótvíráðu þjónustuhlutverki að gegna fyrir byggðarlagið, að taka mið af nemendum með ólíkan námsárangur þegar skólanámskrá er samin. Í ljósi þessa er nauðsynlegt að nemendur sem hafa staðist grunnskólapróf og náð lágmarks meðaleinkunn í tilteknum námsgreinum öðrum geti sest í hvaða framhaldsskóla sem er. Eðlileg þjónusta

við nemendur sem léttast eiga með nám er að gefa þeim kost á að fara hraðar gegnum skólann en eila.

"Heimilt er skólameistara, undangengnu mati, að veita nemanda sem orðinn er 18 ára gamall inngöngu á einstakar námsbrautir framhaldsskóla, þótt hann uppfylli ekki lágmarkskröfur um námsárangur við lok grunnskóla". Þessi þrenging er óþörf og óeðlilegt að skólameistari ráði þessum málum. Heppilegar væri að framhaldsskóla verði skylt að taka við nemanda sem orðinn er 18 ára gamall þótt hann uppfylli ekki lágmarkskröfur um námsárangur við lok grunnskóla. Mat á nemanda sem svo er ástætt er um þjónar miklu frekar þeim tilgangi að brjóta hann niður en að auðvelda honum að setjast í skóla á nýjan leik. Þroskaskeiðið milli 16 og 18 ára aldurs er mun mikilvægara en mat sem fyrst og fremst minnir nemandann á gömlu hrollvekjunnna í grunnskólanum. Hér ber því að leggja áherslu á námsráðgjöf þar sem tekið verði mið af almennri þekkingu og reynslu nemandans og kennsluráðgjöf til kennara. Slíkt væri forsenda þess að hægt verði að ráðleggja nemandanum um vænlega leið í skólanum og hvernig verði hægt að styðja hann í námi.

3. málsgrein. Hér er lögð áhersla á að fornám og nám í sérstökum deildum verði metið til jafns við annað framhaldsskólanám sé það réttlætjanlegt gagnvart nemandanum og gefi honum rétta mynd af stöðu hans innan framhaldsskólans. Takmarkið með þessari starfsemi framhaldsskólans verður að vera þjónusta við nemandann. Markmiðið með fornámi verður að vera fólgið í að nemandinn geti lokið einhverju stigi framhaldsskóla. Því verður að milda skilin á milli grunnskóla og framhaldsskóla og heppileg leið í því skyni er einstaklingsbundin þjónusta. Þannig verður námsráðgjöfin að beinast bæði að nemanda og kennara. Fornám þar sem safnað er saman allt að 40 manna hópi eins og dæmi eru um er út í hött. Þar er ver farið en heima setið enda segir reynslan að það sem nemendur læri við slíkar aðstæður sé fyrst og fremst fólgið í því að koma ekki aftur nærri skóla í bráð og lengd.

16. grein.

1. málsgrein. Engin athugasemd.

2. málsgrein. Engin athugasemd.

3. málsgrein. Engin athugasemd.

4. málsgrein. "Almenn námsbraut veitir undirbúning fyrir nám á bók- og starfsnámsbrautum, eða er hluti af því". Hér er gerð athugasemd við orðalagið: "eða er hluti af því". Ekkert á að vera því til fyrirstöðu í grunninn að almenn námsbraut sé hluti af framhaldsskólanámi náist viðhlítandi námsárangur. Það væri í fullu samræmi við markmið framhaldsskólans sem m.a. felast í að þroska og bæta við þekkingu nemenda.

5. málsgrein. Engin athugasemd.

6. málsgrein. Engin athugasemd.

17. grein.

1. málsgrein. Engin athugasemd.

2. málsgrein. Engin athugasemd.

3. málsgrein. Engin athugasemd.

4. málsgrein. Nauðsynlegt er að starfsnám verði ávallt hluti af bóknámi bæði sem þekking-
arauki, sem innsýn inn í starfsgreinar og ekki síst sem hluti af samfélagslegri fræðslu.

Mikilvægt er að allir þeir sem sækja framhaldsskóla og ljúka þaðan námi öðlist skilning á
samfélaginu, einkum atvinnulífinu og fjölbreytileika þess. Hluti af uppeidishlutverki fram-
haldsskólans er að sjá til þess að nemendur læri um umhverfi skólans og þá m.a. um atvin-
nulífið þannig að þeir fái betur skilið tengsi fræðilegra og hagnýtra þátta.

18. grein.

Engin athugasemd en minnt er á ábendingar um 15. grein, 3. málsgrein.

19. grein.

Ákvæðum 19. greinar ber að fagna sérstaklega.

20. grein.

1. málsgrein. "Aðalnámskrá, er menntamálaráðherra setur, er meginviðmiðun skólastarfs".
Það er mjög brýnt að aðilar atvinnulífs komi að gerð aðalnámskrár þó að vitanlega sé hún á
ábyrgð menntamálaráðherra. Aðalnámskrá, samín á breiðum vettvangi, getur aldrei orðið
annað en framhaldsskólanum til framdráttar. Mynd samfélagsins þarf að endurspeglast í
aðalnámskrá og sú mynd fæst ekki fram nema allir helstu myndhlutar verði leiddir að verki
við gerð hennar. Eðlilegt er að kveðið sé á um aðstöðu og búnað skóla í aðalnámskrá þar
sem hún er fyrst og fremst sú leið sem menntamálaráðherra hefur til að setja fram eðlilegar
kröfur um þessi atriði.

2. málsgrein. Engin athugasemd.

3. málsgrein. Engin athugasemd.

4. málsgrein. Engin athugasemd.

21. grein.

Í þessa grein þarf að koma ákvæði um upplýsingaskyldu framhaldsskóla um árangur sinn í
starfi. Löggjafinn þarf að kveða á um hvaða upplýsingar á að veita og með hvaða hætti á
að birta þær. Slík ákvæði ættu að veita skólanum aðhald auk úttektar utanaðkomandi aðila
á sjálfsmatsaðferðum skóla.

22. grein.

Sjá athugasemd við 21. grein.

23. grein.

Sjá athugasemd við 21. grein.

24. grein.

1. málsgrein. Í atvinnulífínu er hugtakið "endurmenntun" notað þegar einstaklingur stundar nám fyrst og fremst til upprifjunar á fyrra námi. Hugtakið "eftirmenntun" er notað í atvinnulífínu þegar einstaklingur viðheldur menntun sinni m.a. með því að tileinka sér nýjungar á starfsvettvangi sínum. Hugtakið "símenntun" er notað yfir hvaðeina nám þar sem einstaklingurinn heldur sér í námsþjálfun jafnhliða að tileinka sér þekkingu. Eðlilegt er að í greinargerð með frumvarpinu komi fram skilgreining á þessum hugtökum.

2. málsgrein. "Áhersla skal lögð á að innihald starfsnáms taki mið af þörfum atvinnuveganna um fagmenntun starfsfólks til einstakra starfa á hverjum tíma". Tvíbent er að setja fram ákvæði sem felst í orðalaginu "taki mið af þörfum atvinnuveganna" o.s.frv. Þessi framsetning getur kallað á óheppilega túlkun er leiddi til þröngrar og takmarkandi skilgreiningu á "þörfum" atvinnuveganna. Það getur ekki verið ætlun löggjafans að svo fari og því væri heppilegra að innihald starfsnáms taki mið af aðstæðum atvinnuveganna og framfarsýn innan þeirra. Þá er hugtakið "til einstakra starfa" óskýrt og nauðsynlegt er að það hverfi úr lagatextanum.

25. grein.

Tekið er undir þessa hugmynd enda er rétt að búa til sameiginlegan vettvang þar sem fjarlægðir eru stytтар milli þeirra sem fjalla um iðnnám og hinna sem koma að almennu starfsnámi. Ráðuneytið ætti að geta orðið góður starfsvettvangur fyrir þennan hóp til að vinna að þróun og eflingu starfsmenntunar á framhaldsskólastigi.

26. grein.

Engin athugasemd.

27. grein.

1. málsgrein. "Allar starfsgreinar sem njóta fræðslu á framhaldsskólastigi ...". Heppilegra orðalag væri: "Allar starfsgreinar sem njóta fræðslu á framhaldsskólastigi eða þar sem slík fræðsla er í undirbúningi...". Þessi breyting er nauðsynleg í ljósi þess hve fáar starfsmenntabrautir eru til sem tilheyra almennum vinnumarkaði.

2. málsgrein. Engin athugasemd.

28. grein.

1. málsgrein. Engin athugasemd.

2. málsgrein. Þar sem starfsgreinaráð. á að gera tillögur um tilhögun námsmats og lokamats liggur í augum uppi að sveinspróf verða ekki lögð niður nema það geri tillögur um annað í staðinn til ráðherra.

3. málsgrein. Engin athugasemd.

4. málsgrein. Engin athugasemd.

29. grein.

Líklega verður ekki hægt að binda miklar vonir við ráðgjafarnefndir af þessu tagi en þær geta hins vegar orðið undanfari raunverulegs samstarfs skóla og atvinnulífs vítt og breytt um landið.

Í greinargerðinni með frumvarpinu er ofsagt um reynslu sem lofar góður af ráðgjafarnefndum við Iðnskólann í Reykjavík.

30. grein.

1. málsgrein. Engin athugasemd.

2. málsgrein. "Hagsmunaaðilar á vinnumarkaði geta átt aðild að slíkum samningi". Í stað þess að aðilar á vinnumarkaði geti átt aðild væri heppiðegar að taka fram að leitast skuli við að aðilar á vinnumarkaði eigi aðild.

31. grein.

Engin athugasemd.

32. grein.

1. málsgrein. Fagna ber sérstaklega að nám í öldungadeildum skuli vera jafngilt námi á einstökum námsleiðum framhaldskólans, en skipulagning náms og kennsluhættir taki mið af því að um fullorðna nemendur er að ræða. Þessi nýmæli í lögum um framhaldsskóla eru einkar athyglisverð og lofar góðu fyrir fullorðið fólk að löggjafinn viðurkenni að um margt verði að veita fullorðnum námsmönnum annarskonar þjónustu en er sérstaklega sniðin að ungmennum. Þá er hugtakið jafngilt nám afar mikilvægt þar sem ekki á að skipta máli hvaða leiðir eru farnar í þekkingaröflun heldur yfir hvaða þekkingu einstaklingurinn býr að loknum skóla. Með þessu verður skólanum skylt að meta reynslu og þekkingu fullorðinna námsmanna til jafngildis við skólanám. Þessi hugsun um jafngildi leysir skólann einnig undan því að þurfa að kenna fullorðnum námsgreinar sem fyrst og fremst eru ætlaðar til að auka þroska ungmenna en bæta litlu sem engu við reynslu fullorðinna námsmanna.

Athugandi er fyrir löggjafann að kalla aðila vinnumarkaðarins til samstarfs um endurreisn og uppbyggingu öldungadeilda enda getur varla verið heppilegt að takmarka vinnu við slíkt við skólana eina. Á samstarfsvettvangi ráðuneytis og atvinnulífs ætti því að bæta öldungadeildum við á verkefnalistann.

2. málsgrein. Athugasemd er gerð við að sú regla verði algild að öldungadeildarnemar greiði er nemur sem næst þriðjungi kennslulauna. Öldungadeildir verða m.v. greinargerð með 32. grein frumvarpsins þjónustuaðili við atvinnulífið á sviði grunnmenntunar og starfsnámsbrauta þar sem þær deildir eru ætlaðar starfandi fólki. Námsgjöld af þeirri upphæð sem um er getið í 32. grein gæti torvelað láglaunafólki þátttöku í námi en fyrir fólk í slíkri stöðu er starfsnám tvímælalaust ein brýnasta aðgerð á sviði fræðslumála. Um almennt nám í öldungadeildum gæti sú regla giit, þegar námsmaður hefur sýnt að hann er í raun-

verulegu námi í öldungadeild, að afsláttur verði veittur af skólagjöldum til hagræðis fyrir nemandann og sem hvatning fyrir hann að vinna hratt og vel.

33. til 38. grein.

Engin athugasemd.

39. grein.

Framlag ríkissjóðs til einkarekinna framhaldsskóla verði háð því að skólagjöld hljóti samþykki menntamálaráðherra á ári hverju.

40. grein.

Engin athugasemd.

41. grein.

Engin athugasemd.

42. grein.

Setti verði ákvæði að heimilt verði að nýta skólahúsnaði fyrir fræðslu- og félagsstarfsemi aðila utan skólakerfisins með sömu skilyrðum fyrir leigu og um getur í 42. grein.

43. grein.

Hér er um mikilvæg atriði að ræða þar sem þau eru undirstaða þess að skólinn geti þróast með eðlilegum hætti.

44. grein.

Engin athugasemd.

45. grein.


Engin athugasemd.

46. og 47. grein.

XVI. kafli.

Engin athugasemd.

Menntamálanefnd Alþingis
b.t. Ágústu H. Lárusdóttur
Þórshamri við Templarasund
150 Reykjavík



Alþingi

Erindi nr. Þ 118 / 293
komudagur 2 / 12 1994

Reykjavík, 30. nóvember 1994.

Hjálagt fylgir umsögn Menningar- og fræðslusambands alþýðu og Alþýðusambands Íslands um frumvarp til laga um grunnskóla, 126. mál.

Umsögnin sem veitt er að þessu sinni er byggð á umsögnum sem Alþýðusamband Íslands hefur áður sent frá sér til menntamálaráðuneytisins vegna áfangaskýrslu nefndar um mótun menntastefnu, draga að frumvarpi til laga um framhaldsskóla og lokaskýrslu nefndar um mótun menntastefnu og draga að frumvarpi til laga um grunnskóla. Grunn að þessum umsögnum er að finna í ályktunum ASÍ þinga undanfarið. Jafnframt er stuðst við mikla og vaxandi starfsemi verkalýðshreyfingarinnar á sviði fræðslumála meðal barna, unglinga og fullorðinna hvort sem er að ræða almenna fræðslu, starfsmenntun, eftirmenntun eða fræðslu á sértækum sviðum s.s. félagsmálafræðslu.

Umsagnirnar sem hér er byggt á fylgja með bréfi þessu.

Með kveðju

Snorri S. Konráðsson


Snorri S. Konráðsson
framkvæmdastjóri

Umsögn um frumvarp til laga um grunnskóla, 126. mál. Frá Alþýðusambandi Íslands og Menningar- og fræðslusambandi alþýðu


Í samræmi við það sem einkennt hefur fyrri umsagnir Alþýðusambands Íslands er brýnt að skoða fyrirbyggjandi frumvarp til laga um grunnskóla í ljósi núverandi getu grunnskólans og framhaldsskólans til að sinna skyldum sínum við nemendur og þar með samfélagið.

Námsárangur nemenda

Samkvæmt athugun Félagsvísindastofnunar á námsárangri nemenda fæddra 1969 hafa 25% þeirra fengið lægri einkunn en 5 á grunnskólaprófi. Á meðfylgjandi súluriti kemur fram fjöldi nemenda í hverjum einkunnflokki.



Námsferill þessara nemenda eftir að grunnskóla lýkur er skv. sömu rannsókn eftirfarandi:




Á myndinni kemur fram skýrt samband á milli lélegs árangurs í grunnskóla og lélegs árangurs í framhaldsskóla. Strax í grunnskóla er brautargengi í atvinnulífni


ráðið. Grunninn að framhaldsskólanámi verður að byggja í grunnskólanum. Það á jafnt við um þekkingaröflun, þjálfun í að læra, ögun vinnubragða og örvun og hvatningu til náms.

Stéttarstaða foreldra og námsárangur

Árangur barna í grunnskóla miðað við stétt foreldra hefur verið rannsakaður og kemur hann fram á næstu mynd. Á myndinni kemur fram að árangur barna ræðst mjög mikið af stéttarstöðu foreldra. Heimild: Tímarit Háskóla Íslands, sérprentun nr. 4.



Talsverður munur er á milli pilta og stúlkna miðað við stéttarstöðu foreldra. Þetta kemur fram á næstu mynd. Heimild: Tímarit Háskóla Íslands, sérprentun nr. 4.



er að börnin vinni heimaverkefni í skólanum og hafi aðgang að íþróttá-,tómstunda-, og listnámi. Liður í eðlilegu skólastarfi er að börnin hafi aðgang að hollri fæðu.”

Flest af því sem þarna er talið upp er að finna í frumvarpsdrögunum. Þó er tvennt sem á vantar. Annars vegar er krafan um að skólinn tryggji skólahald alla virka daga skólaársins (að frátöldum jóla- og páskaleyfum). Þetta er í reynd krafa um að skólahald verði ekki fellt niður vegna starfsdaga kennara eða einhverra frídaga sem ekki þekkjast á öðrum vinnustöðum en í skólunum. Hins vegar er krafan um að nemendum verði tryggður möguleiki til að vinna heimaverkefni í skólanum og fái til þess aðstoð.

Mikilvægt er að bæði framantalinna atriða verði tryggð með nýjum grunnskólalögum. Hér er ástæða til að benda á nokkuð ólíka áherslu sem fram kemur í skýrslu nefndar um mótun menntastefnu hvað varðar aðstoð við heimanám. Alþýðusambandið vill máli sínu til stuðning vísa til rannsókna á námsárangri nemenda í grunnskóla. Þar kemur m.a. fram að börn þeirra foreldra sem hafa skemmsta skólagöngu að baki hafa minnst gagn af veru sinni í grunnskólanum. Ástæður geta verið margar en leggja ber áherslu á að vinnutími þessara foreldra er oft langur og möguleikar þeirra til að hjálpa börnum sínum við heimanám eru minni, m.a. með hliðsjón af eigin skólagöngu. Skýringin er varla litil greind barnanna. Hennar er miklu fremur að leita í umhverfi þeirra og aðstæðum sem þau búa við. Við því verður skólinn að bregðast með aðstoð við heimanám og að börnin hafi aðgang að íþróttá-, tómstunda- og listnámi. Um frekari rökstuðning varðandi þessi atriði visast til umsagnar ASÍ um áfangaskýrslu menntanefndar (bls. 3-5).

Stjórn grunnskólans.

Full ástæða er til að benda sérstaklega á og fagna þeirri áherslu sem kemur fram í frumvarpinu á aukna þátttöku, réttindi og ábyrgð foreldra og fulltrúa þeirra í starfsemi grunnskólans. Um leið er vert að benda á að mikilvægt er að hvetja foreldra til að taka þátt í þessu starfi og gera þeim það mögulegt. Þá skal áréttað sú skoðun Alþýðusambandsins, að mikilvægt er að þeir foreldrar sem koma að skólastarfinu með formlegum hætti endurspegli sem best atvinnulífið. Sú gagnrýni hefur heyrst að í foreldrastarfinu sé heldur einsleitur hópur. Það sem hér hefur verið sagt ber að taka sem ábendingu um æskilega framkvæmd en ekki að það verði fest í löggjöf.

Námsskrá og kennsluskipan.

Taka ber undir það sem segir í skýrslu nefndarinnar um markmiðssetningu og útfærslu í aðal- og skólanámsskrá: “Aðalatriðið í námskráargerð er .. ekki, hvaða námsgreinar á að kenna, heldur hvaða kunnáttu, skilning, færni og námsreynslu nemendur ættu að hafa öðlast við námslok” (bls. 9). Ekki verður betur séð en að þessi nálgun skili sér ágætlega í texta frumvarpsins VI. kafla.

Námsmat.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að samræmd próf í kjarnagreinum verði samtímis lögð fyrir alla nemendur 4. og 7. bekkjar. Hér er um nýbreytni að ræða sem mikið gagn á að vera af verði rétt af málum staðið. Ljóst er að samræmd próf eiga að geta gefið ákveðnar vísbendingar um stöðu einstakra nemenda og þar með mögulega þörf þeirra fyrir sértækar lausnir og aðstoð við námið. Mikilvægt er að tekið sé á vandanum sem fyrst eftir að hann verður ljós. Því fyrr því betra. Samræmd próf eru um leið góður

mælikvarði á starfið í einstaka skólum og hvernig þeim tekst til við að uppfylla þær skyldur sínar gagnvart nemendum. Og líkt og með einstaklingana er mikilvægt að hafa eftirlit með árangrinum, þannig að sem fyrst sé hægt að bregðast við ef eitthvað bregður útaf.

Endurmenntun kennara.

Í 25. gr. frumvarpsins er fjallað um stuðning við kennara og skólastjórnenda vegna viðbótarnáms og eftirmenntunar. Þá er í 49. gr. fjallað um endurmenntun kennara “í þeim tilgangi að efla starfshæfni sína, kynnast markverðum nýjungum í skóla- og uppeldismálum og njóta stuðnings við nýbreytni- og þróunarstörf. Í greinargerð með frumvarpinu er síðan vitnað til laga 29/1988 um skyldur KHÍ til að annast eftirmenntun.

Hvað varðar endurmenntun kennara vill Alþýðusambandið vekja athygli á þeirri staðreynd að þótt KHÍ sé samkvæmt lögum skylt að bjóða eftirmenntun fyrir kennara þá hafa fjölmargir aðilar aðrir eftir- og endurmenntun með höndum sem gagnast getur kennurum og skólastjórnendum. Þannig verður að telja sérstaklega mikilvægt að kennara í list- og verkgreinum nýti sér fjölbreytt menntunarframboð fræðslustofnana atvinnulífsins þar sem kynntar eru helstu nýjungar á hverju sviði. Með þeim hætti er líklegra að kennslan í þessum greinum eflist og taki í ríkara mæli mið af því sem er að gerast úti í atvinnulífinu á hverjum tíma.

Í skýrslu nefndar um mótun menntastefnu (bls. 106) er fjallað um endurmenntun kennara. Þar er komið inn á mikilvægi þess að skólastjórnendur hafi meira um það að segja hvaða endurmenntun kennarar sækja og að endurmenntunaráætlanir starfsfólks séu í samræmi við þarfir skólans á hverjum tíma. Það er skoðun Alþýðusambandsins sem m.a. byggir af mikilli og víðtækri reynslu innan sambandsins, að það sé óæskilegt og oft hreinlega rangt að reyna að stýra eftirmenntun starfsmanna um of. Það eru yfirleitt starfsmennirnir sjálfir sem best þekkja takmarkanir sínar, þarfir og áhuga í þeim efnum. Hins vegar er öll upplýsingagjöf um það sem í boði er og ráðgjöf af hinu góða.

Efning unglिंगadeilda.

Í menntamálaályktun síðasta ASÍ-þings segir:

“Í grunnskólanum á að leggja grunn að starfsmenntun. Síðustu árin í grunnskóla á námið að sveigjast inn á starfsbrautir með möguleika á eðlilegu framhaldi á framhaldsskólastigi. Gera verður átak á sviði tækni- og raungreina m.a. með bættri kennslutækjaeign, starfsaðstöðu nemenda og þekkingu kennara á því sem gerist utan skólaveggjanna í atvinnulífinu. Efla þarf starfsfræðslu þar sem fjallað er um atvinnulífið og einstaka starfsgreinar.”

Ljóst er að sú hugsun sem þarna er sett fram er að nokkru til staðar í skýrslu nefndar um mótun menntastefnu. Þá hefur hún að einhverju leyti skilað sér í frumvarpið í skilgreiningu á markmiðum með starfi grunnskólans. Hér hefði þó mátt gera enn betur. Um nánari útfærslu vísast til umsagnar ASÍ um áfangaskýrslu nefndarinnar.

Framhaldsskólinn.

Alþýðusamband Íslands gaf í apríl sl. umsögn um drög að frumvarpi til laga framhaldsskóla. Sú umsögn stendur óhöggud.

Í framhaldi af þeim hluta skýrslu nefndar um mótun menntastefnu sem fjallar um framhaldsskólann og umræðum um það skólastig á síðustu vikum og mánuðum vill Alþýðusamband Íslands áréttta eftirfarandi.

Í drögum að frumvarpi til laga um framhaldsskóla er að finna nýjar áherslur í starfi framhaldsskólans sem Alþýðusambandið hefur lagt mikla áherslu á að næðu fram að ganga. Þar er einnig að finna fjölmargar nýjungar sem horfa til framfara. Í umsögn sinni lýsir ASÍ sérstökum stuðningi við helstu markmið frumvarpsins er felast í fjölgun námsleiða þ.e. starfsmenntabrautum, að gera framhaldsskólann aðgengilegan öllum m.a. með sértæku námi fyrir þá sem lakastan námsárangur hafa fyrir, nýjum áherslum í stjórnun og rekstri, sterkari réttarstöðu nemenda varðandi þjónustuhlutverk skólans og loks tengsl og samstarf atvinnulífs og skóla.

Alþýðusambandið telur einkar mikilvægt að nú þegar verði hafin öflugt starf til undirbúnings því að hrinda þessum markmiðum í framkvæmd og þá einkum fyrsta og síðasta atriðinu í upptalningunni hér að framan. Jafnframt viljum við benda á að þótt lögfesting frumvarpsins sé mikilvæg er hægt að yta fjölmörgum verkefnum af stað og í framkvæmd og undirbúa önnur án þess að lagabreytingar komi til.

Í skýrslu nefndarinnar eru stefnumið frumvarpsins í þessum efnum ítrekuð. Hins vegar er ekki mikið um ákveðnar hugmyndir eða ábendingar um hvernig hrinda eigi markmiðssetningunni um fjölgun námsleiða þ.e. starfsmenntabrauta í framkvæmd. Það er út af fyrir sig ekki óeðlilegt enda ljóst að frekari úfærsla og framkvæmd hlýtur að hvíla að miklu leyti á frumkvæði og samstarf við aðila vinnumarkaðarins. ASÍ lýsir sig reiðubúið til samstarfs nú þegar til að ná þessum markmiðum sem allra fyrst. Hvert misseri sem líður án þess að tekið sé á þessum málum af festu þýðir ónaúðsynlega sóun á kröftum og fjármunum eins og Alþýðusambandið hefur itrekað bent á.

Skýringar með mynd

Framhaldsskólinn (1. stig)

- 2ja ára nám sem lýkur með framhaldsskólaprófi (18 ára).
- Eftir framhaldsskólapróf velja nemendur verknáms- eða bóknámsbraut.
- Nemendur geta hætt í framhaldsskólanum og farið á vinnumarkað með starfsréttindi.
- Grunndeildir iðnáms eru felldar inn í framhaldsskólaprófið.
- Verknámsáfangar eru valgreinar allra.
- Inntökuskilyrði felast í að nemendum er beint í nám sem er tekur mið af fyrri námsárangri þeirra. Nefna má hægferð þar sem t.d. tvær bóklegar greinar eru kenndar en áhersla lögð á verklegar greinar á meðan nemandinn er að vinna sig upp. Verklegu greinarnar eru valdar með hliðsjón af því hvað helst getur vakið áhuga nemendanna.

Framhaldsskólinn (2. stig)

- Nemendur velja á milli 2ja aðalleiða.
 1. Verknám.
 2. Bóknám.
- Nemendur útskrifast annað hvort sem verknámsstúdenta eða bóknámsstúdenta.
- Fáar námsbrautir eru í almennu bóknámi.
- Margar starfstengdar brautir eru á verknámsbraut.
- Sérskólar falli inn í kerfið enda fari starfsmenntun fram þar.
- Þegar um er að ræða að háskólar gera kröfur um lokna áfanga í einstökum greinum sem nemandi hefur ekki lokið þá gefst honum tækifæri til að ljúka þeim í framhaldsskólanum. Bæði samkvæmt venjulegri stundatöflu eða á námskeiðum sem m.a. eru haldin á sumrin.
- Meistaránámið er skipulagt sem beint framhald af verknámsstúdentsprófi og heppilegur aðdragandi að tækninámi á háskólastigi.

Álykta mætti að gæðastefna framhaldsskóla yrði sett í voða nema að skilyrði um lágmarkseinkunn úr grunnskóla gildi. Stjórnendur verksmiðju geta neitað að taka við gölluðu hráefni enda eru hagsmunirnir bundnir fjármunum. Önnur lögmál gilda um nemandann. Fyrir hann verður að vera til fær leið í námi. Í slíkum tilvikum er nauðsynlegt að fara eins að og þarf að gera í fullorðinsfræðslunni þar sem kenna verður hverjum nemanda á hans eigin forsendum. Kostir gæðastefnunnar felast m.a. í því að hverju verkefni er hægt að sinna á fullnægjandi hátt með því að nota viðfangsefni og aðferðir við hæfi.

Mikilvægt er að komið verði á fót stuttum starfsbrautum og skiptu iðnnámi. Eftir 1-2ja ára framhaldsskólanám komi framhaldsskólapróf, sem gæti verið fyrsta stig iðnnáms (t.d. grunndeild), en einnig er um að ræða stuttar starfsbrautir í sjálfstæðu starfsnámi. Núverandi grunndeildir iðnáms yrðu þannig felldar inn í fyrri hluta framhaldsskólans. Að

Þessu fyrsta stigi loknu hlytu nemendur starfsréttindi innan viðkomandi greinar. Þeir gætu farið á vinnumarkaðinn ef þeir kysu svo t.d. í samningsbundið nám eða halda námi áfram sem lyki með "sveinsprófi" og loks meistaraþrófi. Stuttar starfsmenntabrautir yrðu væntanlega mun fleiri en iðnnámsbrautir.

Tilgangur með sveinsprófum hefur einkum verið tvíþættur; að kanna kunnáttu nemenda í lok námstímabils en um leið hafa sveinsprófin verið eina leið atvinnulífsins til að hafa áhrif á hvað kennt er í verknámsskólum með því að stýra því hvað tekið er fyrir í sveinsprófunum. Enginn fulltrúi atvinnulífs situr í stjórn iðnskóla og ákvarðanir fræðslunefnda eiga undantekningalítið erfitt ferli fyrir höndum í ráðuneyti og hjá stjórnendum skóla áður en til framkvæmda kemur. Oftast er það svo að ákvarðanir fræðslunefnda komast ekki til framkvæmda í skólunum.

Með gagngerri endurskoðun á eftirliti og mati á námsferli nemenda er hægt að tryggja að nemendur fái þá fræðslu sem ætlast er til af atvinnulífinu. Breyta má sveinsprófum þannig að þau séu notuð sem skipulagt áfangamat og sem eftirlit allan námsferilinn. Námsmatinu yrði þannig beitt með aðferðum gæðastjórnunar. Menn í atvinnulífinu hafa gjarnan litið á sveinsprófið sem tæki til að stjórna því hvaða viðfangsefni eru tekin fyrir og kennd í skólunum. Áhrif atvinnulífsins á námið ættu að leiða til þess að sveinsprófið yrði lokastig samfellds námsmats. Við upphaf og lok skóla- og starfsþjálfunartímabíla þarf að fara fram skipulagt mat á námi og kennslu og ef vel er að slíku staðið yrði sveinsprófið staðfesting á undangengnu námsmati.

Upplýsingasamfélagið mun krefjast fjölbreytilegra starfa. Staða hvers iðnaðarmanns verður mikilvægari og þar með eftirmenntun hans. Grunnmenntun iðnaðarmanna þarf að taka mið af því og gera þarf þá hæfari að glíma við breytingar, þ.e. fagþekkingin þarf að vera yfirfæranleg á nýja tækni en ekki aðeins einskorðuð við þau tæki og aðferðir sem unnir er með á líðandi stundu.

Eitt af boðorðum gæðastjórnunar er: "Hættu að byggja gæðin á eftirliti, byggðu þau heldur inn í afurðina". Í þessu tilviki er "afurðin" reyndar nemandi. En hvað þýðir þetta? Mörg fyrirtæki hafa í leit sinni að auknum gæðum sett á fót gæðadeildir (sveinsprófanefndir) sem hafa haft það að aðalverkefni að fylgast með hvort allt sem unnið hefur verið stenst kröfur. Helstu annmarkar þessa fyrirkomulags er að aukakostnaður er mikill auk þess sem allt of seint er gripið inn í, yfirleitt ekki fyrr en á lokastigi (sveinspróf). Þegar aðferðir gæðastjórnunar hafa verið teknar upp þýðir það að áherslan er lögð á að þjálfar fólk (kennara - leiðbeinendur í fyrirtækjum) sem vinnur að framleiðslunni (kennslunni - þjálfuninni) til að sjá jafnframt um gæðaeftirlit. Þannig að þegar ein heild skilar verki til þeirrar næstu (úr skóla í starfsþjálfun eða úr starfsþjálfun í skóla) þá sé engin hætta á að galli leynist í verkinu (náminu).

Stuttum starfsnámsbrautum lýkur með skilgreindum prófum. Próf eiga að opna aðgang að ákveðnum störfum á vinnumarkaði. Við skipulagningu þessara námsbrauta þarf að